

Fimmtudaginn 8. júní 1995.

Nr. 194/1995.

Jón Valentínsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Jan G. Davidsson

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1995 að fengnu leyfi réttarins 30. sama mánaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.
